

Nd.

6. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Tölurnar „60“ og „6“ í b-lið 1. greinar verða „80“ og „8“.

2. gr.

Á undan tölunni 5000 í c-lið 1. greinar koma orðin: „ekki færri en“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta, sem borið er fram samkvæmt fyrirmælum 23. gr. stjórnarskrárinnar, er samhljóða bráðabirgðalögum frá 16. janúar 1940 með sömu fyrirsögn, og visast til greinargerðarinnar fyrir þeim lögum.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

G j ö r i r k u n n u g t: Fjármálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að vegna aukinnar dýrtíðar hafi kostnaður við happdrætti Háskóla Íslands hækkað allverulega, en happdrættið megi ekki við rýrnun tekna nú, ef standa á í skilum með samningsbundnar greiðslur afborgana og vaxta af lánum til háskólabýggingarinnar og ljúka á verkinu við hana.

Með því að ráðuneytið telur, að brýna nauðsyn beri til að auka tekjur happdrættisins af framangreindum ástæðum, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Tölurnar „60“ og „6“ í b-lið 1. greinar verða „80“ og „8“.

2. gr.

Á undan tölunni 5000 í c-lið 1. greinar koma orðin: „ekki færri en“.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. janúar 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jakob Möller.